

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

Starfsleyfisskilyrði fyrir leiksvæði barna með eða án gæslu

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrðin gilda aðeins í húsnæði eða á lóð sem tilgreind er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminu.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Þess skal gætt við staðsetningu að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða eða mengunar frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfseminu sé fylgt.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Miða skal við að leikrými sé a.m.k. 3m² fyrir hvert barn, meta skal þörfina eftir aldri barna.
- 2.5 Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiaðstaðu og efnavöru.
- 2.6 Börnin skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Þar sem við á skal vera aðstaða til bleiuskipta, þar með talið fullnægjandi handþvotta aðstaða.
- 2.7 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingum.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Til staðar skal vera skrifleg þrifaáætlun og verklýsing þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa (þ.m.t. leikföng, dýnur, teppi o.fl.)
- 3.2 Leikrými skal þrifa daglega og allsherjar hreingerning skal fara fram a.m.k. árlega.
- 3.3 Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði og lóð þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.
- 4.2 Til staðar skal vera öryggisstæki(s.s. bjalla, sími, kalltæki) til að kalla eftir aðstoð í neyðartilfellum.
- 4.3 Opnanlegir gluggar skulu vera þannig gerðir að ekki stafi af þeim hættu.
- 4.4 Ekki mega vera nein op eða bil á bilinu 9 - 23 cm. (til að hindra höfuð- og háls-gildirur)
- 4.5 Rafmagnstenglar skulu varðir og þannig frágengnir að börnum stafi ekki hættu af og forðast skal lausar snúrur og millistykki.
- 4.6 Starfsmaður á leiksvæði skal hafa fengið þjálfun í skyndihjálpi. Sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum skal vera til staðar.
- 4.7 Blöndunartæki við handlaugar barna skulu vera hitastýrð. Vatnshiti við töppunarstað skal ekki fara yfir 38°C .
- 4.8 Skrá skal slys og óhöpp sem verða á þar til gerð eyðublöð. Sjá Öryggisvísi leiksvæða á heimasíðu <http://www.ust.is>.
- 4.9 Öll hættuleg efni s.s. ræstiefni, lyf og önnur efnavara skulu geymd í læstri hirslu.

5. Leikföng

- 5.1 Leikföng skulu hæfa aldri barna. Leikföng skulu vera CE-merkt og skulu yfirfarin og þrífín reglulega.

6. Leikvallatæki og leiksvæði

- 6.1 Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglug. nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

7. Umhverfismál

- 7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 7.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 7.3 Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 7.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, og byggingarreglugerð nr. 441/1998, Öryggisvísir leiksvæða.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):